

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi orlofsbyggðar norðan Kjarnalundar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti 19. desember 2017 deiliskipulagsbreytingu á orlofsbyggð norðan Kjarnalundar vegna Götu norðurljósanna nr. 9.

Breytingin felur í sér að heimilt er að fjarlægja núverandi hús sem er nr. 9 við Götu norðurljósanna og reisa nýtt innan sama byggingarreits. Byggingarmagn eykst úr 70 m² í 110 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðisins við Grænhól.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti 21. nóvember 2017 deiliskipulagsbreytingu fyrir athafnasvæðið við Grænhól.

Breytingin felur í sér að lóð nr. 7 við Sjafnargötu skiptist upp í fjórar minni lóðir. Lóð nr. 2 við Sjafnargötu, sem var skilgreind fyrir verslun og þjónustu, verður athafnasvæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. janúar 2018,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.